



Hvaða starfsmannafjölda á að skrá hjá vinnustaðnum

Skrá á þann starfsmannafjölda sem launadeild viðkomandi vinnustaðar hefur á launaskrá þegar keppni hefst, óháð starfshlutfalli.

Ef einhverjir starfsmenn eru í orlofi eða námsleyfi á meðan að Hjólað í vinnunni fer fram má draga þann fjölda frá.

Ath. ekki er hægt að gera breytingar á heildarstarfsmannafjölda eftir 15. maí nema að starfsmenn verkefnisins óski þess.

Framlag hvers og eins telur

Í anda almenningsþróttar er leikurinn byggður upp með það að markmiði að framlag hvers og eins telur, ef starfsmaður skráir einn dag þá telur það - allt er betra en ekkert.

Hvernig er árangurinn reiknaður út

Í öllum flokkum raðast vinnustaðir niður í sæti eftir fjölda daga. Fjöldi daga er í raun hlutfall daga og er reiknað út frá heildarfjölda starfsmanna á viðkomandi vinnustað óháð því hversu margir taka þátt í keppninni. *Ath. undir „Staða vinnustaða“ birtist líka hlutfall kílómetra en ekki er verðlaunað fyrir þann árangur eins og verið hefur síðustu ár.*

Dæmi:

Vinnustaður skráir sig til leiks í Hjólað í vinnunni. 30 af 50 starfsmönnum vinnustaðarins hafa ákveðið að taka þátt. Þessir 30 starfsmenn eru mjög duglegir að hjóla í og úr vinnu og þegar keppninni lýkur hafa þeir hjólað samtals í 390 daga. En hjá vinnustaðnum **starfa samtals 50 starfsmenn**, og voru því 20 starfsmenn sem ekki tóku þátt. Þegar hlutfall daga er reiknað út fyrir vinnustaðinn er því notaður heildar starfsmannafjöldinn:

Hlutfall daga: 390 dagar / 50 starfsmenn = 7,8 dagar að meðaltali á starfsmann

Af þessu sést að sú tala sem á að skrá í "Starfsmannafjöldi" þegar vinnustaðurinn er skráður til leiks er **HEILDARFJÖLDI STARFSMANNA SEM VINNUR Á VINNUSTAÐNUM** en ekki bara sá fjöldi sem tekur þátt í Hjólað í vinnunni.

Komið hefur fyrir að fjöldi liðsmanna verður hærri en skráður heildarstarfsmannafjöldinn á vinnustaðnum. Nú lætur kerfið vita ef sú staða kemur upp, vinsamlegast hafið þá samband við ÍSÍ í síma 514 4000 eða sendið okkur línu á hjoladivinnuna@isi.is.

Notum virkan ferðamáta

Hjólum – Göngum – Hlaupum – Tökum strætó

Nánari upplýsingar á www.hjoladivinnuna.is